



FRÉTTATILKYNNING

Bolungarvík 10.04.2025

INNKÖLLUN Á ARNA+ PRÓTEINDRYKKJUM

Arna ehf. í Bolungarvík innkallar og varar við neyslu á Arna+ próteindrykkjum með súkkulaðibragði, jarðaberjabragði og kaffibragði sem eru með „Best fyrir 15.04“ merkingu. Við gæðaeftirlit fyrirtækisins kom í ljós *Bacillus cereus* örvera sem getur valdið matareitrun.

Engar upplýsingar hafa borist um veikindi af völdum vörunnar.

Neytendum er bent á að neyta ekki vörunnar og geta þeir skilað henni gegn endurgreiðslu í þeirri verslun sem hún var keypt. Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu Örnú ehf. í síma 456 5600 eða á netfanginu arna@arna.is